



Febrúar 2014

Kæru vinir.

Fjölmíðlar rugla oft saman hugtökunum stjúpforeldrar og fósturforeldrar.

Um daginn var mikil umfjöllun um "fósturföður" sem misnotaði "fósturdóttur" sína. En þegar betur var að gáð þá var umfjöllunin í raun um "stjúpföður" sem misnotaði "stjúpdóttur" sína.

Beggi, formaður félagsins, samband við alla fjölmiðla og skýrði út muninn. Sem betur fer tóku flestir fréttamenn þetta til sín og framhaldsumræðan var öll um stjúpann og stjúpdótturina.

Mikilvægt er að við öll leiðrétum fólk þegar við verðum vitni af þessum hugtakaruglingi.

Mörg ykkar hafa eflaust orðið vör við frétt þar sem lögmaður hélt því fram að barni hafi verið úrskurðað í áframhaldandi fóstur vegna þess að fósturforeldrarnir hefðu fjárhagslegan ávinning af því að hafa barnið sem lengst í fóstri! Steinunn, varaformaður félagsins, fór í viðtal á stöð 2 og svaraði fyrir orð lögmannsins og hrakti allar hans hans fullyrðingar.